



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 27. apríl 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum (skrotóbak), 579. mál, stjórnarfrumvarp.

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) þakkar fyrir að hafa borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum (skrotóbak), 579. mál á 139. löggjafarþingi, sbr. tölvubréf nefndasviðs Alþingis dags. 11.apríl sl.

Frumvarpið er unnið í samvinnu við Lýðheilsustöð. Í þeim breytingum, sem lagðar eru til í frumvarpinu, felst tilraun til að stemma stigu við vaxandi munntóbaksneyslu ungs fólks. Skal þetta gert með því annars vegar að banna innflutning á skrotóbaki og hins vegar að banna framvegis að flytja inn, framleiða og selja allt bragð- og lyktblandað reyklaust tóbak.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að með ákvæðum frumvarpsins er að hluta gengið lengra en gert er ráð fyrir í ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnvaldsfyriræmum aðildarríkja varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum. Kallar það á sérstaka kynningu á EES-svæðinu, verði frumvarpið að lögum.

Þó tóbaksvarnalög leyfi innflutning skrotóbaks hefur það hvorki verið framleitt hér á landi né flutt inn frá gildistöku laganna. Með banninu er því samkvæmt athugasemdum með frumvarpinu verið að tryggja að notkun skrotóbaks ryðji sér ekki aftur til rúms hér á landi.

Bann það sem felst í b-lið 1. gr. frumvarpsins, þ.e. að bannað verði að flytja inn, framleiða og selja allt bragð- og lyktblandað reyklaust tóbak, er viðleitni til að stemma stigu við aukinni notkun á reyklusu tóbaki, sem rannsóknir sýna að fer vaxandi, einkum meðal ungs fólks. Enda virðist markaðssetningu þessa tóbaks einkum beint að þeim hópi. Af því hafa forvarnaraðila áhyggjur og vilja bregðast við.

LÍ telur mikilvægt að draga úr neyslu fólks á öllu tóbaki, ekki einvörðungu skrotóbaki og reyklusu tóbaki. Einna mikilvægast er að koma í veg fyrir að fólk hefji tóbaksnotkun. LÍ styður þær breytingar sem lagðar eru til á lögum um tóbaksvarnir með umræddu frumvarpi.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir,
formaður.